

Fundur í hverfisnefnd Giljahverfis, haldinn í Giljaskóla 18. maí 2004.

Fundur settur kl. 20:15. Mættir: Aðalsteinn, Gunnar, Birgir og Guðlaug.

Mál fundarins var fyrirhugaður aðalfundur.

Fundurinn verður haldinn 8. júní '04 ef húsnæðið er laust.

Rætt var um að fá garðyrkjufraeðing og skipulagsfulltrúa til að koma á fundinn, bæði með erindi og til að svara fyrirspurnum.

Boða fundinn með auglýsingu í Dagskránni 26. maí og aftur 2. júní eða með dreifibréfi í stað seinni auglýsingarinnar. Ræða það við tengilið okkar hjá Akureyrarbæ. Í auglýsingunni þarf að koma fram að það verði kosið á ný í nefndina. Aðalsteinn sér um að panta salinn og vera í sambandi við tengiliðinn.

Stefna á að halda aðalfund fyrir 20. maí framvegis. Einnig að fastsetja nefndarfundir í febrúar, apríl, september og nóvember á hverju ári. Getur þó breyst ef miklar mannbreytingar verða í nefndinni í vor. Tilgangurinn með fyrirfram ákveðnum fundatímum er að auðvelda öðrum íbúum hverfisins að koma athugasemdum sínum á framfæri fyrir fundi. Fundirnir yrðu þá settir upp á heimasíðu Akureyrarbæjar, þar sem einnig kæmu fram netföng og/eða símar nefndarmanna.

Helstu verkefni nefndarinnar til þessa hafa verið:

Umsagnir um framkvæmdir í Giljahverfi, þ.e. þar sem um breytingu á skipulagi er að ræða. Til þessa hefur lítið verið gert með tillögur nefndarinnar á því sviði.

Einnig fóru nokkrir nefndarmenn í gönguferð um hverfið nú í vor, tóku myndir og ræddu um ýmislegt sem vel hefur verið gert og líka það sem betur mætti fara.

Niðurstöður verða kynntar á aðalfundinum.

Einnig er verið að vinna að því að setja upplýsingar inn á www.akureyri.is undir tengilinn við hverfisnefnd Giljahverfis.

Meira ekki tekið fyrir á þessum fundi.

Fundinum slitið kl. 21:30.

Fundargerð ritaði:

Guðlaug Kristinsdóttir.